

Nr. 090 / 09 Mar GK 21**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7050
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 5,9 brl. 5 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Yanmar 213 1998
Fjöldi skipverja: 1



Mar©Hafbór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. júlí 2009 var Mar GK 21 á handfæraveiðum 4-5 sml vestur af Eldey. Veður: N 8-10 m/sek.

Þegar gangsetja átti vélinu fór hún ekki í gang sökum of lítills rafmagns á rafgeymum. Þrátt fyrir að skipstjóri tengdi neyslurafgeyma við ræsinguna fór vélin ekki í gang. Hann fékk Sæunni GK 66 til að draga Mar GK í átt til lands. Þegar nær dró kom björgunarskipið Oddur V. Gíslason og tók bátinn í tog til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á startara (ræsímótor) á verkstæði kom í ljós að kol voru orðin mjög eydd. Eigandinn lét setja nýja rafgeyma í bæði rafgeymasettin sem hann taldi vera orðin léleg;
- að skiptirofi er á milli ræsirafgeyma og neyslurafgeyma og notaði skipstjóri hann til að fá orku frá neyslurafgeymum til ræsingar án árangurs. Hann gerði sér ekki grein fyrir hvort rafgeymasettin samtengdust eða notað var eingöngu rafmagn af neyslurafgeymum til ræsingar í það skipti;
- að sver rafmagnsframlenging (startkapall) sem til var um borð náði ekki frá rúllurafgeymum í framskipi og aftur í vélarrúmið.

Nefndarálit:

Orsök atviksins voru slit á kolum í startara og lélegir rafgeymar.